



18. AÐALFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF. haldinn í Borgarnesi, 25. mars. 2015 kl. 12:45

Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Svein Pálsson sveitarstjóra Dalabyggðar sem fundarstjóra, og Hrefnu B. Jónsdóttir fundarritara.

Dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Fundarstjóri bar upp tillögu frá stjórn um uppstillingarnefnd. Tilnefndir voru: Kristín Björg Árnadóttir og Regína Ásvaldsdóttir. Nefndin hóf störf.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann hóf mál sitt með því að fara yfir sorpmagn sem borist hefur urðunarstaðnum og þróun þess síðustu þrjú ár. Alls voru 11.462 tonn af úrgangi urðuð í Fíflholtum árið 2014. Af því magni komu 2.211 tonn frá Vestfjörðum og rest, eða 9.251 tonn frá Vesturlandi. Árið 2013 bárust 11.883 tonn til urðunar en þá hafði orðið um 20% aukning frá árinu 2012. Sú aukning átti sér að mestu skýringar í síldargrút úr Kolgrafarfirði, eða 1352 tonn. Það vekur því athygli að sorpmagn er nokkuð svipað milli árána 2013 og 2014. Það segir að talsverð aukning hafi orðið milli ára hvað varðar almenna úrgangsflokka.

Kristinn fór m.a. yfir rekstur urðunarstaðarins. Nokkuð oft þurfti að grípa til lokana staðarins vegna hvassviðris. Tíðarfarir hefur verið óhagstætt fyrir reksturinn þar sem fok frá urðunarrein er alltaf eitthvað þó svo að starfsmenn staðarins séu vel á vaktinni og búnir að koma sér upp hinum ýmsu vörnum til að lágmarka fok. Hefur tíðarfarir haft áhrif á sýnatökum en sýnatökum, sem fara áttu fram í desember sl. seinkaði talsvert vegna snjóá og bleytu til skiptis.

Verkfræðistofan EFLA vann lokunaráætlun fyrir eldri urðunarstaðinn í Fíflholtum og var skýrslu skilað til UST þann 17. mars 2014. Farið er yfir allan frágang þess svæðis sem um ræðir í lokunaráætlun og er steft að endanlegum frágangi á haustdögum 2015.

Kristinn fór vel yfir eitt stærsta verkefni sem framundan er hjá félaginu, eða gassöfnun og eyðing metangass.

Með bréfi dags. 8. janúar 2015 veitti Umhverfisstofnun Sorpurðun Vesturlands hf. áminningu sbr. 2. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, vegna tveggja frávika frá starfsleyfi urðunarstaðarins. Frestur var gefinn til úrbóta. Fyrra frávikið varðaði mælingar á

hauggasi sem hefði átt að hefjast við gildistöku reglugerðar nr. 294/2014, 26. mars 2014 og hið seinna varðar söfnunarkerfi hauggass. Fundað var með forsvaraðilum verkefnisins hjá UST þann 19. janúar þar sem farið var yfir nefnd frávik og úrbótaáætlun send á UST í framhaldinu. Í erindi frá UST dags. 30. jan. 2015 kemur fram að sú úrbótaáætlun sem send var sé samþykkt og eftirfylgni við málið sé lokið. Áætlun hljóðar svo:

Gasmælirör sett verði sett niður vor/sumar 2015 og gasmælingar hefjist í ágúst 2015. Framkvæmdir vegna gassöfnunar hefjist árið 2015 og gassöfnun hefjist árið 2017. Ástæða fyrir áminningu var sú að stjórn SSV hefur viljað fylgja eftir mastersverkefni, Alexöndru Kjeld, um oxun í yfirborðslagi og gengur í stuttu máli út á það að skoða möguleika á að draga úr losun metans frá urðunarstöðum á Íslandi með oxandi yfirborðslögum. Í erindi til Umhverfisstofnunar dags. 23. janúar 2015 kemur fram í lokaorðum „Samhliða undirbúningi að uppsetningu söfnunarkerfis og söfnun á hauggasi mun Sorpurðun Vesturlands hf. halda áfram samstarfi við fagaðila um rannsóknir á öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir að metan berist út í andrúmsloftið frá urðunarstaðnum í Fíflholtum, þ.m.t. rannsóknir á oxun metans í yfirborðslagi. Framangreind áætlun um uppsetningu söfnunarkerfis og söfnun á hauggasi yrði tekin til endurskoðunar þegar og ef sýnt þykir að aðferðir sem þessar séu ásættanlegar og fýsilegar frá lagalegu, umhverfislegu og hagrænu sjónarmiði“

Er hér að ofan vísað til frekari rannsókna um oxun í yfirborðslagi. Kristinn lýsti skoðun sinni á gassöfnunarkerfi. Hann sagði aðrar aðferðir en söfnun hauggass ekki eiga stoð í lögum og því ekki mögulegt að ræða við Umhverfisstofnun um annað fyrirkomulag. Hann sagðist vona að þær rannsóknir sem unnið er að með „oxun í yfirborðslagi“ leiði af sér afurð sem sannar aðferð sem verður fýsilegri fyrir rekstraraðila og verði jafnvel áhrifameiri m.t.t. til mengunar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fylgst vel með verkefninu og bíður átektu með að koma að því að leita til Umhverfissráðuneytisins um skoðun þar innandyra og leitað verði eftir undanþágu og/eða finna verkefninu lagastoð. Hefur þetta verkefni fordæmisgildi fyrir minni urðunarstaði ef þetta tekst. Kristinn sagði forsvaraðila félagsins og Sambands ísl. Sveitarfélaga stefna á fund með ráðherra þegar frekari niðurstöður úr verkefninu liggja fyrir.

Þess má geta að Samband ísl. sveitarfélaga telur að þröng túlkun á lagaákvæðum megi ekki koma í veg fyrir að nýjar leiðir til að eiga við loftlagsvanda og taka mið af íslenskum aðstæðum verði prófaðar. Vert er að undirstrika að þetta tilraunaverkefni hefur almenna þýðingu fyrir fleiri urðunarstaði hér á landi, segir í minnisblaði sem tekið var saman hjá Sambandinu.

Kristinn þakkaði stjórn gott samstarf og einnig starfsfólki félagsins Sérstaklega þakkaði hann framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf fyrir félagið.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, þakkaði hlý orð í sinn garð. Hún fór yfir ársreikning félagsins fyrir liðið starfsár, 2014. Tekjur ársins kr. 82.868.919 kr. Rekstrargjöld 43.644.450 kr. Rekstrarhagnaður fyrir

fjármagnsliði 39.224.469 kr. Fjármunatekjur 2.224.237 kr. Hagnaður ársins eftir tekjuskatt kr. 33.155.085. Eigið fé og skuldir samtals kr. 121.931.702. Handbært fé í árslok 54,5 millj. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur verði út 20% arður. Ársreikningur samþykktur samhljóða.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins vegna ársins 2014 sem er aðgengileg á heimasíðu SSV/Sorpurðunar og Umhverfisstofnunar. Grænt bókhald á heimasíðu SSV má finna á slóðinni http://ssv.is/Files/Skra_0070829.pdf

Fundarstjóri kynnti niðurstöðu umboða frá sveitarfélögum. Lögmæti fundarins. Fulltrúar fyrir 99,1% sveitarfélaga mættir og fundurinn því lögmætur.

Regína spurði út í auglýsingakaup frá Vesturlandsstofu. Hún spurði einnig um ábyrgðargjald og þá reikninga sem eru til í nafni félagsins, tæpar 20 milljónir og skiptingu eigin fjár félagsins við slit þess, ef til kæmi. Kristinn svaraði fyrirspurnum Regínu. Rætt um ábyrgðargjaldið og hvernig það á að standa undir rekstri félagsins í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að laun stjórnarmanna í Sorpurðun Vesturlands hf. taki mið af launum stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Greiðslur fyrir að sitja fundi miðast við þingfararkaup. Formaður 6% kr. 39.086 aðrir 3% kr. 19.543. Auk þess fá fundarmenn akstur og ferðakostnað greiddan samkvæmt taxta RSK. Greiddur er ½ dagpeningur pr. stjórnarfund til allra stjórnarmanna. Tillagan er óbreytt frá fyrri árum og greiðslur því óbreyttar fyrir stjórnarstörf. Sáþykkt samhljóða.

4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Fundarstjóri bar upp tillögu um 20% arðgreiðslu. Samþykkt samhljóða. Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að hagnaður ársins 2014 verði færður til hækkunar eigin fjár. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu uppstillingarnefndar:

Auður Ingólfssdóttir Arnheiður Hjörleifsdóttir
Finnbogi Leifsson Kristinn Jónasson
Karitas Jónsdóttir Sævar Jónsson
Sturla Böðvarsson

Tillaga uppstillingarnefndar samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að KPMG endurskoðun sjái áfram um endurskoðun félagsins. Skoðunarmaður félagsins Eggert Kjartansson. Samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar.

Engar.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Kristinn þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu og sagði fundi slitið.

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir